

Formáli

Hinn 1. janúar 2012 taka gildi breytingar á samræmdu vörulýsingar- og vörunúmeraskrá Tollasamvinnuráðsins¹ en hún var tekin upp í alþjóðlegum viðskiptum samkvæmt alþjóðlegum samningi sem gerður var að frumkvæði ráðsins 14. júní 1983. Samningurinn tók gildi gagnvart samningsaðilum 1. janúar 1988 og var Ísland meðal stofnaðila hans².

Samkvæmt auglýsingu nr. 154/2011 um breyting á viðauka I við tollalög nr. 88 18. maí 2005, með síðari breytingum, verða þessar breytingar teknar upp í íslensku tollskrána 1. janúar 2012 auk nokkurra breytinga á íslenskum undirskiptingum til þess að auðvelda tölfraðilega upplýsingaöflun um útflutning og innflutning. Breytingarnar hafa verið felldar inn í útgáfu af Tollskrá 2012 og eru auðkenndar þar með hornklofa með tilvitnun í ákvæði auglýsingarinnar neðanmáls í tollskránni.

Tilgangurinn með samningnum er að auðvelda alþjóðleg viðskipti og söfnun, samanburð og greiningu tölfraðilegra upplýsinga að því er þau varðar. Að baki samningsgerðinni bjó jafnframt krafa ríkisstjórna um nákvæma sundurgreiningu vara vegna tolla og skýrslugerðar og mikilvægi nákvæmra og sambærilegra upplýsinga vegna alþjóðlegrar samningagerðar í viðskiptum. Í dag eru aðilar að þessum samningi 141, 140 lönd og Evrópusambandið. Mun fleiri lönd, landsvæði eða tolla- eða efnahagsbandalög nota samræmdu vörulýsingar- og vörunúmeraskrána eða samtals 206. Þetta þýðir í raun að nær 100% vöruviðskipta í heiminum eru flokkuð og greind í samræmi við flokkunarreglur samræmdu skrárinnar.

Í samningnum er lögð áhersla á mikilvægi þess að samræmda skráin taki ávallt mið af tækni-breytingum og breytingum á viðskiptaháttum í alþjóðlegum viðskiptum. Kveður samningurinn því á um að gerðar séu þær breytingar á samræmdu skránni sem æskilegar teljast til þess að sérstakt tillit sé tekið til þarfa notenda, tæknibreytinga og breytinga á alþjóðlegum viðskiptaháttum. Sérstök nefnd á vegum Tollasamvinnuráðsins, samskrárnefndin, ásamt undirnefnum hefur það hlutverk að uppfæra skrána til samræmis við þessar breytingar.

Umræddar breytingar á samræmdu tollskránni voru samþykktar af Tollasamvinnuráðinu með tilmælum 26. júní 2009, í samræmi við tillögur samkrárnefndarinnar, sem taka gildi eins og áður er getið hinn gildi 1. janúar 2012. Fjórum sinnum áður hafa verið gerðar breytingar á samræmdu skránni af Tollasamvinnuráðinu, þ.e. 1992, 1996, 2002 og 2007 en nánari upplýsingar um þær og aðrar breytingar á íslensku tollskránni má finna á vef tollsins, *tollur.is*

Um er að ræða 220 breytingar á samræmdu skránni sem skipta þannig:

- 98 taka til landbúnaðar- og sjávarafurða,
- 27 ná til kemískra vara,
- 9 taka til pappírsvara,
- 14 taka til textílvara,
- 5 varða vörur úr málm,
- 30 taka til véla og
- 37 breytingar varða ýmsa vörflokka.

Meginbreytingarnar taka til 3. kafla samræmdu skrárinnar þar sem nákvæmari sundurgreining er tekin upp varðandi sjávarafurðir eins og fisk, krabbadýr, lindýr og vatna- og sjávarhryggleysingar.

Samkvæmt tilmælum Matvælastofnunar Sameinuðu þjóðanna (FAO) voru gerðar ýmsar breytingar á samræmdu skránni til þess að auðvelda eftirlit með öryggi matvæla og stjórnun forvarnarkerfis stofnunarinnar, m.a. 3. kafla í þeim tilgangi að stuðla að samræmdum og réttari upplýsingum sem þörf er á vegna viðskipta með sjávarafurðir. Sama gildir varðandi ýmsar matjurtir, rætur og hnýði, ávexti og hnetur. Ennfremur voru teknir upp nýir undirliðir (undirskiptingar) vegna eftirlits með hættulegum kemískum efnum samkvæmt Rotterdam samningnum um verslun með hættuleg efni á milli landa og Vínarsamningnum um verndun ósonlagsins ásamt Montrealbókuninni. Þá voru gerðar ýmsar breytingar á

¹ Tollasamvinnuráðið hefur nú vinnuheitid Alþjóðatollastofnunin.

² Sjá auglýsingu nr. 25/1987 um alþjóðlegan samning um samræmda vörulýsingar- og vörunúmeraskrá sem birt var í C-deild stjórnartíðinda 11. apríl 1989.

samræmdu skránni vegna tækniþróunar eins og flokkun á lífdísilólú (biodiesel) í vörulið nr. 2710 og nýjan vörulið nr. 3826; nikkil-málmhýdríð- og líþíum-rafgeymum í vörulið nr. 8507 og rafmyndaleiktækjum og vélum í vörulið nr. 9504. Felldir hafa verið niður 43 undirliðir vegna óverulegra heimsviðskipti með vörur sem þar hafa verið flokkaðar jafnframt hafa fjölmargir nýir undirliðir verið teknir upp vegna aukinna alþjóðaviðskipta með ýmsar vörur. Ýmsar aðrar breytingar voru ennfremur gerðar á tilteknum vöruliðum samræmdu skrárinnar til þess að gera orðalag þeirra skýrara og til þess að taka að öðru leyti tillit til breytinga í alþjóðlegum vöruviðskiptum.

Útgáfa þessi hefur að geyma samvörunarlykil sem nota má til leiðbeiningar við að endurflokka vörur í núgildandi tollskrá undir viðeigandi tollskrárnúmer í þeirri tollskrá sem notuð verður hér á landi við tollflokkun innflutnings og útflutnings á vörum frá og með 1. janúar 2012. Í viðauka er að finna tvær skrár þar sem listuð eru annars vegar ný tollskrárnúmer sem tekin eru upp vegna nefndra breytinga og hins vegar þau tollskrárnúmer sem falla úr gildi.

Tekið skal fram að samsvörunarlykillinn hefur ekki lagagildi. Tollflokkun skal byggð á túlkunarreglum nefndrar tollskrárinnar og síðast nefndri auglýsingu.

Yfirlit yfir tollskrárbreytingar

Umræddar breytingar á samræmdu skránni hafa verið teknar upp í Tollskrá 2012 ásamt ýmsum öðrum vegna innlendra þarfa. Breytingarnar taka til eftirfarandi flokka og kafla tollskrárinnar: 1. til 12. kafla, 15. til 17. kafla, 20., 21., 24. og 25. kafla, 27. til 30. kafla, 37., 38., 41., 42., 44., 47. og 48. kafla, XI. flokks, 56. og 58., 61. til 65. kafla, 68., 71., 73., 74., 76. og 82. kafla, XVI. flokks, 84., 85., 87., 90. til 96. kafla. Veigamestu breytingarnar varðandi Ísland taka til 3. og 16. kafla þar sem ýmsar sjávarafurðir eru flokkaðar. Samtals eru tekin upp 900 ný tollskrárnúmer og 571 tollskrárnúmer felld niður.

Hvað Ísland varðar taka veigamestu breytingarnar til 3. og 16. kafla þar sem ýmsar sjávarafurðir eru flokkaðar og ætti að leiða til bætteri hagskýrslugerðar í framtíðinni varðandi þessa vöruflokk. Ennfremur hefur m.a. verið tekið tillit til ýmissa ábendinga og óska af hálfu Hagstofunnar og Fiskistofu auk þess sem sérstök undirskipting var tekin upp í nokkrum tilvikum til þess að auðvelda eftirlit tollsins vegna leyfisskyldra vara og innflutningstakmarkana eða -banns á veiðarfærum og eggvopnum svo og koma við rafrænni vinnslu á vörum sem virðisaukaskattur var lækkaður á í nóvember s.l., m.a. svonefndum rafbókum.

Þótt reynt hafi verið eftir megni að gera tilvísanir sem nákvæmastar er alltaf sú hættu fyrir hendi, þegar um viðamiklar breytingar er að ræða á flokkunarreglum tollskrárinnar samkvæmt framansögðu, að samhæfing milli flokkunarkerfa hafi ekki skilað sér í samsvörunarlyklinum. Það er því mikilvægt að þeir sem nota sér samsvörunarlykilinn við endurflokkun vara gæti jafnframt að orðalagi einstakra vöruliða (fjórir fyrstu tölustafir í tollskrárnúmeri), undirliða (sex fyrstu tölustafir í tollskrárnúmeri) og skiptiliða (áttatölustafa tollskrárnúmer) og gangi úr skugga um að vörulýsing númera, athugasemdir og aðrar túlkunarreglur taki til þeirrar vöru sem verið er að flokka hverju sinni.

Reykjavík, desember 2011

Tollstjóri